


✉ Efni: breytingar á aðal- og deiliskipulagi vegna búsetukjarna við Kirkjubraut 20.

Búið til	20.2.2020 17:14:06
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	20.2.2020 17:06:05
Tilheyrir	 2020010088 - Beiðni um umsögn vegna verkefnislýsingar; breytingar á aðal- og deiliskipulagi vegna búsetukjarna við Kirkjubraut 20.

## Efni

Efni: breytingar á aðal- og deiliskipulagi vegna búsetukjarna við Kirkjubraut 20.

## Upplýsingar

## Vinnsla

Sent	20.2.2020 17:06:05	Staða	Sent
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

## Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson (trausti@ni.is)
Til	byggingarfulltrui@seltjarnarnes.is

## Innihald

Vísað er til tölvupósts frá Seltjarnarnesbæ, dags. 30. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu vegna breytingar á aðal- og deiliskipulagi vegna búsetukjarna við Kirkjubraut 20.

Meðfylgjandi eru athugasemdir Náttúrufræðistofnunar um framangreint mál. Stofnunin áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson

Náttúrufræðistofnun Íslands

Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is

## Viðhengi

Kirkjubraut\_Valhúsað-NI-2020.docx (2 MB)

## Valhúsaæð

### Varðandi fyrirhugaða byggingu búsetukjarna fyrir fatlaða við Kirkjubraut.

Valhúsaæð hefur verið á Náttúruminjaskrá frá árinu 1983 sem útsýnisstaður og útivistarsvæði í þéttbýli og árið 1998 var vestasti hluti hennar friðlýstur sem náttúruvætti. Markmið friðlýsingar og mörk hins friðlýsta svæðis eru skýr [https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/Valhusahad\\_kort.pdf](https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/Valhusahad_kort.pdf), [https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/valhusahaed\\_81\\_1998.pdf](https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/valhusahaed_81_1998.pdf). Mörk svæðisins sem er á Náttúruminjaskrá (svæði nr. 121) eru hins vegar óljósari en þar segir: Valhúsaæð, Seltjarnarnesi. (1) Kollur Valhúsaæðar, ofan Skólabrautar og Stranda. (2) Útivistarstaður og útsýni í þéttbýli.

Samkvæmt túlkun sveitastjórnar skarast lóð væntanlegs búsetukjarna ekki við svæði á Náttúruminjaskrá (Aðalskipulag Seltjarnarnesbæjar 2015-2033, sjá þemakort bls. 47 [http://www.seltjarnarnes.is/media/skipulag/A1005\\_004\\_tillaga\\_til\\_kynningar.pdf](http://www.seltjarnarnes.is/media/skipulag/A1005_004_tillaga_til_kynningar.pdf))

Gróðurfar á fyrirhugaðri byggingarlóð við Kirkjubraut einkennist af grýttu graslendi þar sem blávingull er ríkjandi grastegund ásamt blómjurtum, aðallega gulmöðru og krossmöðru en einnig blóðbergi og ljónslappa. Graslendi með hávöxnum sáðgrösum, aðallega húsapunti, finnst einnig innan fyrirhugaðra lóðamarka. Norðausturhorn lóðamarka nær yfir þurran flagmóa með lynggróðri og grasleitum tegundum. Valhúsaæð er ein af síðustu óbyggðu spildum á Seltjarnarnesi og það eina sem eftir er með mólendisgróðri (Kristbjörn Egilsson 1997). (Sjá nánar skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands NI-18002, <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2018/NI-18002.pdf>).

Innan lóðamarka eru engar friðlýstar æðplöntutegundir eða tegundir sem eru á valista.

Valhúsaæð ásamt Bakkagarði til suðurs og Plútóbrekku til austurs myndar grænt belti þvert yfir nesið og munu fyrirhugaður búsetukjarni þrengja að opnu grænu svæði og tengingunni þarna á milli. Náttúrufræðistofnun Íslands leggur mikla áherslu á að varðveita upprunalegt gróðurfar á Valhúsaæð eftir fremsta megni þannig að viðhalda megri þeirri tegundafjölbreytni sem er á svæðinu. Á það einkum við um mólendisgróður sem á undir högg að sækja og því lagt til að fara með sérstakri gát á framkvæmdatíma við norðurjaðar fyrirhugaðra lóðamarka við Kirkjubraut.



1. mynd. Graslandi við Kirkjubraut 18. Ljós. Guðmundur Guðjónsson 2017.



2. mynd. Á mörkum graslandi með blávingli og möðrum og mólendi við norðurjaðar fyrirhugaðra lóðamarka við Kirkjubraut. Ljós. Guðmundur Guðjónsson 2017.



3. mynd. Lynggróður í þurrum og smágrýttum flagmóa við norðurjaðar fyrirhugaðra lóðamarka við Kirkjubraut. Ofan við mólendið tekur gras- og blómlendi við á ný sem er utan lóðamarka. Ljós. Guðmundur Guðjónsson 2017.